

**A 1668/medborger**

Flutt af:
Flokkahópi miðjumanna

Til umfjöllunar í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00236-1

Þingmannatillaga um borgararéttindi á Norðurlöndum

Það markaði tímamót þegar Norðurlandaráð innleiddi ferðafrelsi fyrir norræna borgara, sem hafa síðan getað ferðast milli landanna án þess að framvísa vegabréfi. Enn eru þó margar stjórnsýsluhindranir á milli landanna, sem koma í veg fyrir að borgararnir hafi frjálst val um hvar þeir búa og stunda vinnu og nám á Norðurlöndum. Forsenda sameiginlegs norræns markaðar er að stjórnsýsluhindranir í daglegu lífi verði einnig afnumdar. Það myndi efla atvinnustig og menntunarmöguleika á Norðurlöndum.

Fjöldmörg dæmi eru fyrir hendi: Danskt þar sem hefur starfað í Noregi og stofnað þar fjölskyldu, en getur ekki skráð börn sín í danskan grunnskóla vegna þess að börnin eru ekki með danskar kennitölur. Sænskur námsmaður sem hefur búið árum saman í Danmörku, á danskan föður og danskan sambýling, en verður að fá sér hlutastarf til að geta fengið danskan námsstyrk. Finni sem býr í Svíþjóð, en má ekki kjósa í þingkosningum eða Evrópuþingskosningum þar í landi því að hann er ekki sænskur ríkisborgari.

Stjórnsýsluhindranaráð hefur unnið að öllum þessum úrlausnarefnum í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, en það dugir skammt að reyna að betrubæta kerfi sem ekki stenst þær sjálfsögðu kröfur sem norrænir borgarar gera í dag. Í dag er hægt að vera ríkisborgari bæði Danmerkur og Íslands, þar sem Svíþjóð, Finnland, Ísland og Danmörk leyfa tvöfalt ríkisfang – en það gerir Noregur ekki. Það er ekki eins og best verður á kosið ef við viljum að Norðurlöndin séu ein heild.

Það flækir málin enn frekar að þrjú af löndunum fimm eiga aðild að ESB en hin að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Öll eru löndin því bundin af samningum sem kveða á um að ekki megi gera upp á milli Svía og Ítala í Noregi, svo dæmi sé tekið. Þetta kann að stangast á við norræna félagsmálasáttmálann, sem tryggir norrænum ríkisborgurum rétt til að setjast að hvar sem er á Norðurlöndum, líka þó þeir missi vinnuna og hljóti félagslegar bætur. Til dæmis hefur Danmörk ítrekað vísað norrænum

borgurum úr landi, af ótta við að veita þeim annars sérmeðferð og brjóta þannig gegn samningum ESB um bann við mismunun.

Hins vegar eigum við að geta greint á milli ríkisborgara Norðurlanda og annarra Evrópulanda á lagalegum grundvelli og veitt norrænum borgurum sérmeðferð. Að öðrum kosti er hætt við því að norrænt samstarf tapi gildi sínu.

Við teljum ljóst að núverandi fyrirkomulag borgararéttinda á Norðurlöndum megnar ekki að styðja við hugmyndina um norrænt samstarf.

Það er tímabært að norrænt samstarf hætti að vera óformlegt og ruglingslegt ástarsamband og verði þess í stað að formföstum hjúskap sem geti komið til móts við þarfir borgaranna. Allir norrænir ríkisborgarar eiga að fá sömu meðferð í þeim norrænu löndum sem þeir velja að setjast að í og skulu hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðrir íbúar.

Norræn borgararéttindi myndu styðja við kjarna norræns samstarfs, en hann er brennandi áhugi hins borgaralega samfélags og einlæg ósk um að þróa samfélög okkar í sameiningu. Norræn borgararéttindi munu reynast gagnleg við afnám hinna fjölmörgu stjórnsýsluhindrana á milli landanna og skapa þannig enn betri forsendur fyrir Norðurlönd sem sameinaðan markað fyrir þekkingu, vörur, vinnuafli og einstaklinga innan hins stærra samhengis Evrópu.

Norræn borgararéttindi eiga ekki að koma í stað ríkisborgararéttinda landanna, heldur að auka við þau. Með tilkomu þeirra yrði ekki lengur tilefni til árekstrar við reglur ESB um bann við mismunun. Við verðum að standa fast á því að norrænt samstarf og aðlögun nái dýpra en hið evrópska, þar eð norrænar þjóðir eru frændþjóðir en ekki fjarskyldir ættingjar.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að tillagan um borgararéttindi á Norðurlöndum verði tekin til umfjöllunar í norrænu samstarfi með það fyrir augum að semja tillögu um að innleiða norræn borgararéttindi, sem geti afnumið hindranir fyrir norræna borgara og gefið þeim tækifæri til samfélagsþátttöku í öðrum norrænum löndum á jafnréttisgrundvelli við ríkisborgara viðkomandi lands. Borgararéttindin munu auka við ríkisborgararéttindi landanna og verða innleidd samhliða samnorrænu kennitölukerfi.

Helsinki, 8. október 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Katri Kulmuni (cent)

Carl Haglund (sv)

Marcus Knuth (V)

Jan Lindholm (MP)

Róbert Marshall (Björt framtíð)

Johanna Karimäki (gröna)

Norðurlandaráð

A 1668/medborger

Flutt af:

Flokkahópi miðjumanna

Til umfjöllunar í:

Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00236-1